# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Skeljungur Seyðisfirði**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 12.10.2012 | **Fulltrúi UST** | Gottskálk Friðgeirsson |
| **Fyrirtæki** | Skeljungur | **Fulltrúi UST** | |
| **Heimili** | Borgartún 26 | **Tegund eftirlits** | Reglubundið |
| **Kennitala** | 5902691749 | **Flokkur** | Olía |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Aðalsteinn Árnason | **ÍSAT nr.** | 51.51.0 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Trausti Marteinsson | **Staðsetning** | 733381,426 538446,438 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd er gerð við umbúnað á áfyllingarplani.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs á Seyðisfirði, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Nokkur misbrestur var á tilskildum skráningum. Lítið skráð um eftirlit með olíuskilju og komið að þjónustu við olíuskilju.

Síðasta frárennslismæling á olíu mældi olíuleifar í frárennsli um 0,5 ppm sem er vel innan marka sem sett eru í starfsleyfi. Mikið álag er á olíuskiljunni þar sem ágangur sjávar ber sand og möl inn á áfyllingarplanið. Mælst er til þess, á meðan ekki er búið að laga þetta vandamál, sé þjónusta við olíuskilju aukin og hún tæmd á hálfsárs fresti.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskilja og fráveitumál. Staða geyma og lagna var góð og allar tilskildar mælingar í lagi.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

## ATHUGASEMDIR

**Athugasemd 1: Umbúnaður við áfyllingarplan**

Við eftirlit sást að sandur og möl berast upp á áfyllingarplanið þegar þannig stendur á flóði og veður eru válind. Hætta er á að efnin berist í olíuskiljuna stöðvarinnar og dragi úr virkni hennar. Mælst er til þess, á meðan ekki er búið að laga þetta vandamál, sé þjónusta við olíuskilju aukin og hún tæmd á hálfsárs fresti.

## ANNAÐ

**Annað: Mælingar á olíu í fráveitu**

Mæla þarf olíuleifar í fráveituvatni stöðvarinnar á árinu.

Reykjavík, 09.11.2012

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.